



Hafnarfjarðarbær
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 6. desember 2013
Tilv.: VEL11100242/07.13

Efni: Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu

Velferðarráðuneytið hefur móttekið bréf stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), dagsett 25. nóvember 2013, þar sem tilgreind eru framkvæmd við verklok, sem tilkynnt voru til ráðuneytisins með bréfi dagsett 21. október 2013, á þjónustu SHS vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í því bréfi að stjórn SHS hafi lagt metnað í að tryggja hag og velferð íbúa höfuðborgarsvæðisins og lýsi yfir eindregnum vilja sveitarfélaga sem að stjórn SHS koma til áframhaldandi samstarfs við ríki um rekstur sjúkraflutninga.


Samningsviðræður milli velferðarráðuneytisins og SHS hafa staðið yfir með hléum frá því í nóvember 2011. Mikið hefur borið á milli samningsaðila. Í kjölfarið á úttekt KPMG var tilnefndur fjögurra manna vinnuhópur sem samanstóð af tveimur aðilum frá SHS og tveimur frá velferðarráðuneytinu. Niðurstaða þeirrar vinnu, svonefndur samkomulagsgrundvöllur var undirritaður af aðilum vinnuhóps. Lengra náði sú vinna ekki m.a. þar sem ekki fékkst fjármagn fyrir þeirri samningsupphæð sem samkomulagsgrundvöllurinn gerði ráð fyrir.

Svar við greiðsluáskorun

Samningur aðila frá 25. ágúst 2010 rann út 31.12.2011 en unnið hefur verið eftir honum og greiðslur hafa verið í samræmi við ákvæði samningsins. Ráðuneytið hefur aldrei fallist á greiðslur umfram það. SHS getur ekki ákveðið hækkun greiðslna einhliða, um slíkt verður að semja. Ráðuneytið hefur ítrekað gert SHS grein fyrir því að ekki yrði um að ræða greiðslur umfram það sem felst í fyrrgreindum samningi nema um það yrði samkomulag og að slíkt samkomulag væri háð fjárveitingum.

Verklok


Í bréfi SHS segir m.a. "Líkt og boðað var í bréfi stjórnar slökkviliðsins, dags. 21. f.m., hófust verklok vegna sjúkraflutninga um síðustu mánaðamót og er þeim ætlað að standa yfir í allt frá þremur til sex mánuði. Af hálfu slökkviliðsins er framkvæmd verkloka því þegar hafin." Ráðuneytið bendir á að samkvæmi kröfulýsingu heilbrigðisráðuneytisins fyrir sjúkraflutninga er verksala skylt að taka þátt í gerð verklokaáætlunar, slík áætlun skal gerð í samstarfi verksala, verkkaupa og þess sem tekur við rekstri þjónustunnar og verksali skuldbindur sig til að tryggja viðskilnað sem rýfur ekki samfellda sjúkraflutningaþjónustu. Verksali getur því hvorki ákveðið

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	11.12.2013
Málsnr:	1210486
Bréfal:	561

einhliða að verklok séu hafin né hvenær þeim skuli ljúka. Verklokaáætlun samkvæmt kröfufylsingu verður einungis gerð í samstarfi aðila og er ráðuneytið reiðubúið til viðræðna um slíka áætlun takist ekki samningar um áframhaldandi þjónustu.

Heilbrigðisráðherra hefur nú, í ljósi vilja sveitarfélagana, lokið frumskoðun á þeim samningaviðræðum sem hafa átt sér stað frá árinu 2011 og niðurstöðu vinnuhóps sem skipaður var í nóvember 2012. Í framhaldi af þeirri skoðun óskar heilbrigðisráðherra eftir fundi með stjórn SHS. Á fundinum munu Haraldur L. Haraldsson og Hrafnhildur Gunnarsdóttir kynna f.h. ráðherra niðurstöður úr þeirri skoðun og tillögur að næstu skrefum. Óskað er eftir að sá fundur verði haldinn eins skjótt og auðið er.


Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra


Hrafnhildur Gunnarsdóttir
sérfræðingur

Samrit: Jón Gnarr, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson og Haraldur Sverrisson